



KONUKVÖLD Í HJARTA HAFNARFJARÐAR

6. OKTÓBER 18:00 - 21:00



FJÖRÐUR

Mini Mi og Cocobutts

Tvær nýjar verslanir í sama rými á 2. hæð í Firði

Barnafólk ætti að kætast yfir tveimur nýjum verslunum í Firði sem nú hafa opnað á 2. hæðinni. Það eru verslanirnar Mini Mi og Cocobutts sem deila sama rýminu.

VERSLUNIN COCIBUTTS

Fyrirtækið Cocobutts taubleyjur leit dagsins ljós þann 28. nóvember árið 2020 með það að leiðarljósi að auðvelda foreldrum fyrstu skrefin í tau og bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval á breiðum verðskala. Síðan þá hefur fyrirtækið hjálpað yfir 500 fjölskyldum að byrja, vaxa og dafna í tau en fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á taubleyjum. Elín Kristjánsdóttir og Apríl Harpa Smáradóttir stofnendur fyrirtækisins hafa þá sýn að í náinni framtíð muni meirihluti foreldra á Íslandi kjósa tau fram yfir einnota plastbleyjur.

Cocobutts býður upp á veglegt taubleyjuúrval á öllum verðskala, framúrskarandi þjónustu og metnaðarfullt fræðsluefni sem hvetur foreldra til þess að skipta úr einnota yfir í fjölnota!



Elín Kristjánsdóttir stolt með margnota bleyju í hönd.

Cocobutts býður einnig upp á taubleyjuleigu, frábært úrval af aukahlutum tengt taubleyjum, þvotta- og hreinlætisvörur og sundbleyjur og sundgalla. Þá eru þær einnig með vörur fyrir nýbökðu mömmuna, fjölnota lekaflífar og falleg fjölnota taubindi sem fara betur með jörðina, heilsuna og peningaveskið.

Sjá nánar á www.cocobutts.is



Verónika Von og Kjartan Borg í nýju versluninni.

VERSLUNIN MINI MI

Verslunin Mini Mi hefur flutt starfsemi sína á 2. hæð í verslunarmiðstöðinni Firði. Eigendur eru þau Verónika Von Harðardóttir og Kjartan Borg Guðjohansen.

Þar er að finna bílstóla, barnaföt, leikföng og ýmislegt fyrir barnaherbergið og barnavagna og kerrur frá fyrirtækinu

Junama. Junama hefur framleitt og hannað einstaklega fallega barnavagna í yfir 30 ár. Barnavagnarnir eru glæsilegir og bjóða upp á nýtt útlit í heimi barnavagna. Með fjölbreyttu úrvali af vögnum hefur Junama byggt upp gott orðspor fyrir þróun á hágæða barnavörum.

Sjá nánar á www.minimi.is

Tíra stækkar og vinnustofa opnuð

Alice Olivia Clark veður með vinnustofu og verslun á jarðhæðinni í Firði

Alice Olivia Clark hefur vakið athygli með glæsilegum varningi sem endurkastar ljósi, er tíra í myrkriinu og getur nýst sem endurskin til öryggis eða bara til skraut.

Hún hefur nú tvöfaldað aðstöðu sína á jarðhæðinni í Firði og verður áfram með sölu á sínum glæsilegum hlutum. Glæsilegur varningur, þrjónaður úr ull og glitrandi garni sem endurspeglar ljósi sem á það fellur. Þarna má finna

nælur, ennisbönd og margt fleira sem Alice hannar af sinni alkunnu sníll.

Hún hefur einnig bætt skartgripum í vöruúrvalið, skartgripum sem endurspeglar líka ljós eins og þrjónavörurnar.

Alice Olivia er hafnfirsk listakona sem á uppruna í Kanada. Hún hefur unnið fjölmörg listaverk, m.a. mósaiklistaverk en hefur síðari ár einbeitt sér að vörumerki sínu Tíra.

Alice í aðstöðu sinni í Firði.



Milly er flutt á jarðhæðina í Firði

Einstakar og litríkar vörur



„Milly er heimilis- og gjafavöruslun sem að býður upp á einstakar og litríkar vörur sem að hafa skapandi og persónulegan stíl,“ segir Karen

Gunnarsdóttir eigandi verslunarinnar sem hefur verið á 2. hæðinni í Firði. Verslunin er við suður innganginn og því tilvalið að kíkja við og skoða.

Úr og gull fagnar 25 ára afmæli

Hægt að vinna Boss úr í gjafaleik!

Úr og Gull fagnar 25 ára afmæli sínu og í tilefni þess ætla þau að gefa tvö úr frá BOSS að andvirði 120.000 kr!

Það eina sem þarf að gera er að:

- Fylgja Fjörður Verslunarmiðstöð á Facebook
- Merkja vin/vinkonu

Því fleiri sem þú merkir, því meiri eru vinningslíkurnar!

Dreginn verður út ein heppin kona sem vinnur eitt dömuúr frá BOSS að eigin vali að verðmæti 60.000 kr og einn heppinn herra sem vinnur eitt herraúr frá BOSS að eigin vali að verðmæti 60.000 kr.

Dregið verður á Konukvöldinu á morgun, 6. október.



Ásgeir, annar eigenda Úr & gull.

KVENNASTYRKUR

Líkamsrækt fyrir konur

Hvað hentar þér?

Styrkur MömmuStyrkur Jóga
TabataStyrkur UnglingaStyrkur
Styrkur fyrir 60+ KraftStyrkur



Líkamsrækt

Skoðaðu tímatöfluna á heimasíðunni okkar til að velja þér tíma. Þú ert velkomin í prufutíma! Svo er líka hægt að mæta bara í ræktarsalinn - og þú mátt líka koma og prófa hann. Þitt er valið!

Verslun

Við seljum fatnað fyrir konur frá **Mfitness** sem er tilvalinn fyrir æfingar og til að nota í daglegu lífi. Fatnaður sem er líka tilvalinn í gjafir handa henni! Meðal annars finnur þú hjá okkur leggings, æfingarboxur, hlýrabolir, hversdagsbolir, æfingarbolir og hversdagsboxur. Einnig erum við með sokka, brúsa, minibönd, nuddrúllur, steinefnatöflur og ýmislegt fleira.

Um okkur

Kvennastyrkur er lítil og notaleg stöð þar sem allar konur vinna eftir eigin getu. Við erum metnaðargjörn og sýnum það með faglegri, hvetjandi og vandaðri þjálfun í snyrtilegu umhverfi og að selja sérvaldar gæðavörur á góðu verði.

www.kvennastyrkur.is



Strandgata 33. Sími 537 0606. Netfang kvennastyrkur@kvennastyrkur.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja · Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Leiðarinn



Fjárhagsstaða Hafnarfjarðar var til umræðu á síðasta bæjarstjórnarfundum og þar sagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins að staðan hefði sjaldan verið betri en núna. Fulltrúi Samfylkingarinnar sagði hins vegar að staðan væri alvarleg. Sínu sjónarhorni lítur hver á stöðuna en ljóst er að hún er verri

en áætlað var. Hallareksturinn er mikill og erfitt að sjá hvornig m.a. á fjármagna 4 milljarða kr. knattús, reiðhöll og væntanlegar skólabyggingar. Tekjustofnar sveitarfélaga hafa einnig verið til umræðu og þar hefur verið bent á að ekki fylgi nægilegt fjármagn með þeim verkefnum sem á undanföllum áratugum hafa verið flutt til sveitarfélaganna. Þá hefur líka verið bent á að þeir sem lifa á fjármagnstekjum skili engum skatti til sveitarfélaganna enda skatthlutfall þeirra sem jafnvel hafa atvinnu af fjárfestingum lægra en t.d. í Danmörku.

Það er synd að ekki skuli vera hægt að hafa vitræna umræðu um fjármál bæjarins. Ásakanir um að verið sé að setja upp leikþátt er dapurt og sanngími er þörf á báða bóga. Allt er þetta vegna þess að fólk kys að deila sér í fylkingar í bæjarstjórn. Það kaus enginn meirihluta né minnihluta? Bæjarbúar kusu 11 fulltrúa bæjarins í bæjarstjórn!

Málþing var um menningarstefnu Hafnarfjarðar í liðinni viku og þar voru eflaust góðar umræður en niðurstöður hafa ekki verið birtar. Á meðan við höfum svo margar fallegar stefnur eigum við ekkert alvöru tónleikahús og það er ekki einu sinni alvöru tónleikasalur við okkar flotta tónlistarskóla. Við eigum ekkert leikhús og bæði Gaflaraleikhúsið og Leikfélag Hafnarfjarðar eru eða eru að verða húsnaðislaus. Eina sýningarrýmið sem hægt er að nefna er Hafnarborg með takmarkaðan aðgang. Myndlistarfólk bæjarins þarf að hafa aðgang að sýningarrými.

Lífið er ekki eðeins fótolti og fyrir marga er það bara alls ekki fótolti þó einhverjir trúu því ekki. Höldum við sjónarhorni við stjórnun bæjarins.

Guðni Gíslason ritstjóri.



Fríkirkjan í Hafnarfirði

Fjölskyldukirkja í hjarta Hafnarfjarðar

Fermingarafmæli í Hafnarfjarðarkirkju

50, 60 og 70 ára fermingarbörn eru kölluð til samveru í Hafnarfjarðarkirkju þann **23. október n.k. kl. 11**. Einnig þau sem hafa farið á mis við sín afmæli síðastliðin 3 ár vegna covid. Verð fyrir hádegisverð er 2500 kr. á mann. Makar að sjálfsgöðu velkomnir með. **Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 16. október n.k.**

Skráning fer fram hjá kirkjuverði á netfangið otto@hafnarfjardarkirkja.is eða í síma 520 5700.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Undirbúningsnefnd




Appolo í október

Listahátíð fyrir ungt fólk, skipulögð af ungu fólki

Fjölbreyttar vinnustofur í boði í Hamrinum og Músik & mótur í skapandi skrifum, vegglistagerð, förðun, ljósmyndun og málun, m.a. í samstarfi við Stelpur rokka! Uppskeruhátíð í lok október.

Hvetjum ungmenni okkar til þátttöku | Nánar á hafnarfjordur.is





OKTÓBER

BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR

Brot úr dagskrá í október

Fjölskyldustund Sögur og fändur	1. okt 13:00
Feður og tengslamyndun Foreldramorgunn	10. okt 10:00
Framför - Lestrarfélag Isabel Allende - Yfir höfin	12. okt 17:15
Aldarafmæli Bókasafnsins! Afmælisfögnuður	15. okt 13:00
Sýndarveruleikir Spilun í sal	18. okt 17:00
Auður Haralds Höfundur í heimsókn	25. okt 16:30
Bangsapartý Alþjóðlegi bangsadagurinn	27. okt 17:00

Með fyrirvara um breytingar

Afgreiðslutímar:

Mán-fim.	9:00-19:00
Fös.	11:00-17:00
Lau.	11:00-15:00



GYM HEILSA FAGNAR 25 ÁRA STARFSAFMÆLI

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND **37.990.-**

Árskort eldri borgara / grunnskólanema **24.990.-**

Tilboðin gilda til og með 11. okt. 2022 - Kortasala fer fram í afgreiðslu Suðurbæjarlaugar / Ásvallalaugar

Kortin gilda í líkamsrækt og sund í

Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug og í sund í Sundhöll Hafnarfjarðar



Hringdu í síma 866 3084 og pantaðu þér **ókeypis prufutíma** með þjálfara

Flensborgarskólinn 140 ára

Hefur útskrifað stúdenta frá 1975 – Öflugur framhaldsskóli með bjarta framtíð

Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi og hefur tekið margvíslegum breytingum á langri ævi. Hann var upphaflega stofnaður sem bamaskóli árið 1877 en var breytt í „alþýðu- og gagnfræðaskóla“ árið 1882, og við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður.

Séra Þórarinn Böðvarsson, prófastur á Görðum á Álftanesi, stofnaði skólann til minningar um son sinn, Böðvar, sem dó 19 ára gamall árið 1869. Undir skólann keypti séra Þórarinn gamalt verslunarhús við sunnanverðan Hafnarfjörð. Á þeim stað höfðu upphaflega verslað kaupmenn frá Flensborg á Suður-Jórtlandi og var verslunin kennd við heimabæ þeirra og kölluð Flensborgarverslun og staðurinn í daglegu tali kallaður Flensborg. Af þessu er heiti skólans dregið og skólinn hefur haldið nafninu þótt hann sé núna á öðrum stað í bænum. Elsta skólahúsið í Flensborg brann árið 1930 en áður hafði verið reist lítið skólahús við hlið þess og þar var skólinn starfræktur til ársins 1937 er hann var fluttur í nýtt hús á Hamarskotstúni. Frystihús stendur nú á lóð gamla skólahússins.



Árið 1971 var stofnuð sk. menntadeild við skólann og árið 1975 var honum formlega breytt í fjölbrautaskóla og sama ár voru fyrstu nýstúdentarnir útskrifaðir. Gagnfræðapróf var síðast þreytt við skólann 1977 en 9. bekkur grunnskóla var áfram í skólanum í nokkur ár til viðbótar. Frá árinu 1981 hefur Flensborgarskólinn eingöngu verið framhaldsskóli.

AFMÆLI FAGNAÐ

140 ára afmælinu var fagnað sl. fimmtudag með sérstakri dagskrá í



Fulltrúar foreldrafélagsins, Steinar Stephensen og Helga Guðrún Ásgeirsdóttir ásamt Birgittu Rún Ólafsdóttur oddvita nemendafélagsins.



Gamla Flensborg og munir úr sögu skólans.

Um 16 ára skeið, frá 1892 til 1908, var sérstök kennaradeild við skólann og þar fór fram fyrsta skipulagða námið fyrir kennara á Íslandi. Þegar Kennarskóli Íslands var stofnaður í Reykjavík var kennaradeildin í Flensborg lögð niður. Eftir það starfaði skólinn eingöngu sem gagnfræðaskóli, fyrst sem sjálfseignarstofnun, en árið 1930 tóku ríki og bær í sameiningu við rekstri hans.

skólanum. Kennsla var brotin upp með m.a. mannfræðirannsókn, verklegri æfingu í líffræði, tilraunum í efnafræði, stjörnuveri auk þess sem sýning var á skólablöðum og kennsluefni og sögusýning á munum úr sögu skólans.

Á sal héldu Birgir Örn Guðjónsson, lögregluámaður og Sigga Dögg kynfræðingur lifandi fyrirlestur, „Settu mörk og virtu mörk!“ við góðar undirtektir.



Stefán Torri Davíðsson og Klara Elíasdóttir.



Klara Elíasdóttir söng við gítarleik Stefáns Torri Davíðssonar, nemanda við skólann og nemendur dilluðu sér og sungu með.

VEGLEGAR GJAFIR

Fulltrúar foreldrafélagsins, Steinar Stephensen og Helga Guðrún Ásgeirsdóttir færðu nemendafélaginu púlbord við mikinn fögnuð viðstaddra og ekki voru undirtektimar síðri þegar upplýst var hver afraakturinn var af Flensborgarhlaupinu, en þar söfnuðust 250 þúsund kr. sem Erla Sigríður Ragnarsdóttir skólameistari færði Þórunni Pálsdóttur fulltrúa Sorgarmiðstöðvar sem starfrækt er í Lífsgeðasetrinu St. Jóh.

FLENSBOGARHLAUPIÐ

Flensborgarhlaupið var endurvakið í 20. september sl. eftir nokkurt hlé en í ár var ákveðið að styrkja verkefnið Ungt fólk og sorgin á vegum Sorgarmiðstöðvarinnar á St. Jó. og eins og áður hefur komið fram söfnuðust 250 þúsund kr.

Hlaupið var eftir Strandstígnum og þeir sem hlupu lengst hlupu út á Garðaveg í átt að Álftanesi og til baka.

Þátttakendur komu víða að og voru á öllum aldri.

40 keppendur tóku þátt í 10 km hlaupinu og kom Eric Contant (37) fyrstur í mark á 40:39 mínútum en fyrst kvenna var Sylvi Thorstenson (30) á 45:36 mínútum. Yngsti keppandinn var 16 ára en sá elsti 62 ára. Framhaldsskólameistari varð Viktor Leví Andra-son (19) sem hljóp á 49:57 mínútum.

37 keppendur tóku þátt í 5 km hlaupinu en þar kom Hlynur Ólason (21) fyrstur í mark á 17:03 mínútum en fyrst kvenna var Þórey Mjöll Guðmundsdóttir (11) sem kom í mark á 22:21 mínútum. Yngsti keppandinn var 8 ára og sá elsti 62 ára.



Fleiri myndir má finna á www.fjardarfrettir.is

Opið hús hjá „Körlum í skúrum“

Karlar í skúrum kynna starfsemi sína laugardaginn 8. október í félagsheimili sínu að Helluhrauni 8 kl. 12-16. Heitt kaffi og meðlæti verður á boðstólum.

Til sýnis verða ýmsir munir sem karlamir hafa verið að skera út, tálga, smíða, renna, slípa, mála og setja saman undan farin ár.

Starfsemi „Karla í skúrum“ snýst um að veita körlum athvarf og aðstöðu til að sinna hugðarefnum sínum, rjúfa einangrun þeirra, styrkja félagslegan grunn og efla félagsleg tengsl. „Þetta

gerum við meðal annars með því að leggja til góða aðstöðu til allskonar fündurvinnu hvort sem það er í tré, stein, gler, járn eða annað efni sem félagar vilja vinna með.

Tilgangurinn er að fá karlmenn til að „standa upp úr sófanum“, hitta aðra karla, fá sér kaffisopa saman og spjalla. Einnig til þessa að vinna handverk og fara í gönguferðir. Markmiðið er að hjálpa körlum til að halda andlegri og líkamlegri heilsu lengur en ella.“ Segir Gísli Norðdahl, karl í skúrum.



KONUKVÖLD Í FIRÐI 6. OKTÓBER KL. 18-21

20% af öllum skóm og tös-kum í verslun á konukvöldinu!

Skóhöllin
- skór & tös-kur -

VÍÐISTADAKIRKJA



Helgihald á haustmisseri 2022:

2. okt. kl. 11:00	Messa
9. okt. kl. 11:00	Fjölskylduhátíð
16. okt. kl. 17:00	Bleik messa
23. okt. kl. 11:00	Messa
30. okt. kl. 11:00	Tónlistarguðsþjónusta
6. nóv. kl. 11:00	Guðsþjónusta
13. nóv. kl. 11:00	Fjölskylduhátíð
20. nóv. kl. 11:00	Tónlistarguðsþjónusta
27. nóv. kl. 17:00	Aðventuhátíð
4. des. kl. 11:00	Guðsþjónusta
11. des. kl. 11:00	Fjölskylduhátíð
24. des. kl. 17:00	Aftansöngur
25. des. kl. 14:00	Hátíðarguðsþjónusta
31. des. kl. 17:00	Hátíðarhelgistund

Sunnudagaskóli kl. 10:00

alla sunnudaga í umsjá Benna Sig og Disu.

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:10

alla miðvikudaga í okt. og nóv.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir - og svo

Harmonikuleikur og gömlu dansarnir kl. 13:00

Kyrrðarbænastund

á miðvikudögum kl. 17:30

Samstarfsverkefni Víðistadakirkju og Hafnarfjarðarkirkju.

Umsjón: Bergþóra Baldursdóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

„Vinir í Víðistadakirkju“

á fimmtudögum kl. 13:30 - 14:30

Barnastarf fyrir krakka í 1. - 6. bekk.

Kórsöngur, hljóðfæraleikur, fündur, leikir og fleira.

Umsjón: Benni Sig og Sveinn Arnar.

vidistadakirkja.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUBÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Óskar Steinmóðsson
löggitur fasteignasali
as@domus.is
896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
220 Hafnarfjörður
www.domus.is



Hinsegin hittingur fyrir 13-16 ára

Tengir þú eða þitt ungmenni við hinseginleikann?

Hittingurinn er fyrir ungmenni sem skilgreina sig hinsegin, eru í hinsegin þælingum, áhugasöm um hinsegin málefni eða langar að koma í félagsmiðstöð þar sem öll eru velkomin, með eða án skilgreiningar.

Næsti hittingur er 13. október í Lækjarskóla

Nánar á hafnarfjordur.is





Framkvæmdir að hefjast við stæk

Vinna er hafin en framkvæmdir munu ekki hindra umferð um Strandgötu

Byggingarnefndarteikningar fyrir stækkun Fjarðar út að Strandgötu hafa verið samþykktar og framkvæmdir vegna stækkunar eru þegar hafnar. Veitur og HS veitur vinna við endurnýjun lagna og uppsetningu spennistöðvar og brátt verður hafist handa við að grafa fyrir bílajakjallara en bygging hans verður fyrsti áfangi í verkinu og mun hann tengjast núverandi bílajakjallara.

KYNNING 6. OKTÓBER

Fimmtudaginn 6. október kl. 18.15-20.15 verða arkitekt frá ASK arkitektum og verkefnisstjóri frá Strendingi í Firði og svara spurningum hagsmunaaðila, íbúa og gestum og gangandi.

Þeir geta upplýst um ævintýrið sem byggingin mun skapa en líka hvaða áhrif byggingarframkvæmdirar sjálfar hafa á umferð og íbúa.

Loksins verður fyllt í gatið sem myndaðist þegar hús Hafnarfjarðarbiós og Kaupfélagshúsið voru rifin.

Mikill metnaður er lagður í nýbygginguna sem auk þess að vera stækkun á verslunarmiðstöðinni mun hýsa íbúðir, hótélíbúðir og glæsilega aðstöðu fyrir endurhannað Bókasafn Hafnarfjarðar.

Útgarðar verða áberandi og aðgengi af einum slíkum beint inn á 2. hæðina.

Lágverðs matvöruverslun verður á jarðhæð Fjarðar sem breyta mun miklu fyrir íbúa miðbæjarins. Verslunarrýmum mun fjölga við Strandgötuna sem mun gera miðbæinn enn áhugaverðari.

Gert er ráð fyrir að uppsteypa ofanjarðar hefjist strax á næsta ári og að hratt verði unnið til að minnka rask í miðbænum og til að starfsemi í húsneðinu geti hafist sem fyrst.



Götumyndin, séð frá Gunnarssundi, þar sem framhliðin er vel brotin upp í minni einingar.



Þakgarðar munu einkenna íbúðahlutann.



Í raun má sjá fjögur hús að Strandgötunni.



Hér sést núverandi verslunarmiðstöð og viðbyggingin við Strandgötu



Ganga má beint inn í Bókasafnið af þakgarðinum á 2. hæð

Skun á verslunarmiðstöðinni Firði



- Þegar steypuvinna er í gangi verður hjáleið í kringum Strandgötu 31-33



Lúxusíbúðir

- 60 - 190m² íbúðir
- Stærstu íbúðir á 6. og 7. hæð
- Engin þrep út á svalir
- Innfelld lýsing og hljóðvist í hæsta gæðaflokki
- Tvær lyftur
- Gólfhiti
- Íbúðir með þakgarða
- Stórir gluggar, bjartar íbúðir
- Mikið útsýni

Í glæsilegu húsinu verða mjög áhugaverðar íbúðir. Hér er horft úr norð-austri niður á miðbæinn. Strandgatan til vinstri og Fjarðargatan efst til hægri.

HVAÐA ÁHRIF HAFA BYGGINGARFRAMKVÆMDIRNAR?

Á skýringarmyndinni til hægri má sjá hvar girðingar vegna framkvæmdanna verða. Heilu rauðu línurnar sýna lokaðar girðingar og punktalínurnar netgirðingar.

Gert er ráð fyrir svæði fyrir steypubíla framan við Strandgötu 31-33 og á meðan það er í notkun er umferð beint í kringum Strandgötu 31-33 og Gunnarssund. Það mun ekki verða fyrir en á næsta ári við uppsteypu hússins og aðeins á meðan steypuvinna er í gangi. Gangandi vegfarendur munu ávallt hafa óhindraðan aðgang að nyrðri hluta Strandgötunnar.

Óhjákvæmilega verða truflanir vegna vöru- og flutningabíla sem munu þurfa að fara um Strandgötuna enda mikil framkvæmd sem fer af stað.

Í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ verða lokanir og umferðatafir kynntar eftir því sem verkinu miðar fram.





Hafnarborg

Lifandi tónlistarhús

1. nóvember
6. desember

Hádegistónleikar kl. 12

Rósalind Gísladóttir
Þóra Einarsdóttir

14. október
18. nóvember
16. desember

Síðdegistónar kl. 18

KuVenda
Margrét Eir ásamt hljómsveit
Steingrímur Teague
og Silva Þórðardóttir

Aðgangur ókeypis
www.hafnarborg.is

**Menningar- og listamiðstöð
Hafnarfjarðar**
Strandgata 34
220 Hafnarfjörður



Ungir SH-ingar með 17 gull

á alþjóðlegu sundmóti í Þýskalandi



Stór hópur af hressum sundkrökkum frá Sundfélagi Hafnarfjarðar voru á faraldsfæti 22. - 26. september. Ferðinni var heitið til Bonn í Þýskalandi til að taka þátt á Zaoxu Cup sundmótinu.

Alls voru 35 sundmenn, 2 þjálfarar og 4 fararstjórar sem lögðu land undir fót og skelltu sér í sannkallaða ævintýraferð. Mikið var lagt á krakkana á ferðalaginu enda var ekki hægt að fá beint flug og því var ferðast til Amsterdam í Hollandi, rúta tekin til Bonn og sama ferðalag á heimleið.

Sundfólkið sem var á aldrinum 11-16 ára var heldur betur í essinu sínu og sló hvert persónulegt metið á eftir öðru og uppskárú eftir því en í heild sinni vann sundfólkið til 49 verðlauna sem skiptust í:

17 gull, 13 silfur og 19 brons, allt í einstaklingsgreinum.

Auguste Balcuinaite og Magnús Víðir Jónsson unnu svo stigahæstu sundin í sínum aldursflokkum og fengu forlata bikara til eignar.

Á síðasta degi ferðalagsins þótti tímabært að sletta aðeins úr klaufunum og verðlauna hópinn fyrir frábæra frammistöðu með ferð í Phantasialand sem er gífurlega stór og glæsilegur skemmtigarður rétt hjá Bonn.

Þar voru allir rússíbanarnir prufaðir og sumir töluvert oftar en einu sinni hjá þessum kraftmikla hópi.

Það var því dauðþreyttur og hamingjusamur hópur sem sneri aftur til Íslands, einbeittur fyrir næstu mót.

Helgihald Fríkirkjunnar

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin
í Fríkirkjuna í Hafnarfirði í vetur.

Fjölbreytt dagskrá og hlýjar móttökur.



OKTÓBER

Sunnudagur 2. október

Sunnudagaskóli kl. 11

Sunnudagur 9. október

Sunnudagaskóli kl. 11

Bleik kvöldvaka kl. 20

Sunnudagur 16. október

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvenfélagasmessa kl. 14

Kaffisala Kvenfélagsins

Sunnudagur 23. október

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Sunnudagur 30. október

Hrekkjavaka í

sunnudagaskólanum kl. 11

NÓVEMBER

Sunnudagur 6. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Allra heilagra messa kl. 20

Sunnudagur 13. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Sunnudagur 20. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Sunnudagur 27. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

**Aðventustund með
fermingarbörnum
og foreldrum kl. 13**

DESEMBER

Sunnudagur 4. desember

Jólasunnudagaskóli á Thorsplani kl. 11

Aðventukvöldvaka kl. 20

Laugardagur 10. desember

Jólatónleikar kórs Fríkirkjunnar

Aðfangadagur, 24. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 18

Jóladagur, 25. desember

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14

Gamlársdagur, 31. desember

Hátíðarguðsþjónusta á Hrafnistu kl. 16

Áramótamessa kl. 18

Allar nánari upplýsingar má finna á frikirkja.is og á [facebooksíðu](https://www.facebook.com/frikirkja) kirkjunnar.

Jólamatseðill GK veitinga

Veitingastaður golfklúbbsins Keilis mun vera með jólamatseðil
alla föstudaga og laugardaga 11. nóvember – 10. desember 2022.

Fyrir fyrirtæki og vinahópa, frá 8-70 manns.

Lifandi tónlist og jólastemning.

Matseðill

Forréttur

Villibráðapaté- grafinn lax og kaldreykt andabringa.
Með rifsberjahlaup-sinneps-rósmarínsósu-wasabi mayo

Aðalréttur

Grísapurusteik, hægelduð salvúkrydduð kalkúnabringa og hægeldað
svarthvítlauksmarinerað lambalæri.

Borið fram með sultuðum rauðlauk-Waldorfsalat Von Golfenberg
með pikkludu rauðkáli og granateplum, jólasveppasósu, soðgljáa og
sætkartöflu kanil stuffing.

Eftirréttur

Frönsk blaut súkkulaðikaka með Baileys kremi og berjum.

Vegan

Forréttur

Rauðrófu og gulróta carpaccio m/hunangi og furuhnetum

Aðalréttur

Hnetusteik, sultaður rauðlaukur, Waldorfsalat Von Golfenberg
með pikkludu rauðkáli og granateplum

Eftirréttur

Súkkulaðikaka með vegan rjóma og berjum.

Verð 9.990 kr pr mann með vínpörun 15.990 kr

Borðapantanir á hafsteinn@betristofan.com og í síma 779 - 2416

Jólahús í Jólaborpinu

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Jólaborpið á Thorsplani í Hafnarfirði 2022

Umsækjendur þurfa að skila inn umsókn fyrir 20. október 2021 en eftir það fara umsóknir á biðlista.

Nánar:
hfj.is/jolathorp



Bleika slaufan – SÝNUM LIT



Starfsfólk Krabbameinsfélagsins hvetur fólk til að kaupa bleiku slaufuna.

Árlegt árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélags Íslands, Bleika slaufan, undir slagorðinu „SÝNUM LIT“ er hafið. Bleika slaufan er tileinkuð baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.

Í lok ársins 2020 voru 9.056 konur á lífi hér á landi, sem greinst höfðu með krabbamein. Á hverju ári greinast að meðaltali um 870 konur með krabbamein en því miður deyja um 300 konur að meðaltali á ári úr krabbameinum.

Sterk tengsl eru milli lifnaðarháttá og krabbameina og í Bleiku slaufunni í ár vekur Krabbameinsfélagið sérstaka athygli á því hvað hægt er að gera til að

draga úr líkum á krabbameinum. Hjá konum spila skimanir fyrir krabbameinum einna stærsta hlutverkið. Krabbameinsfélagið hvetur konur til að bóka tíma þegar þær fá boð. Því fyrr sem krabbamein eða forstig þess greinist því betri eru horfurnar.

BLEIKA SLAUFAN ER NÆLA EN SPARISLAUFAN ER HÁLSMEN

Hönnuðir slaufunnar í ár eru þau Helga Friðriksdóttir og Orri Finnbogason hjá Orrifinn Skartgripum. Slaufan er fléttuð úr þráðum þar sem hver þráður gæti táknad hvert og eitt okkar og hvernig við leggjum málstaðnum lið. Við erum sterkust saman.

SAGA ÁSDÍSAR

Í auglýsingu Bleiku slaufunnar í ár er okkur sögð saga Ásdísar Ingólfsdóttur, framhaldsskólakennara og rithöfundar, sem greindist með brjóstakrabbamein í tvígang með fimm ára millibili. „Ég vona að það verði þeim sem eru að glíma við brjóstakrabbamein í dag hvatning að sjá að það er von.“

Bleika slaufan kostar 2.900 krónur og er seld á bleikaslaufan.is og fjölmörgum söluaðilum um land allt. Sparislaufa Bleiku slaufunnar til sölu í takmörkuðu upplagi hjá Krabbameinsfélaginu, Orrifinn og hjá Meba í Kringlunni.

Krabbamein varða okkur öll!

Tónlistar- og barnastarf Fríkirkjunnar í Hafnarfirði

Sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11

Kríasálmur: Tónlistarnámskeið fyrir ungabörn 3ja til 18 mánaða.

Þriðjudagar kl. 10:30 - 11:15

Krílakór yngri: Tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 1 árs og 2ja til 3ja ára.

Þriðjudagar kl. 16:30 - 17

Krílakór eldri: Tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 4ra og 5 ára.

Þriðjudagar kl. 17 - 17:30

Barnakór: Fyrir grunnskólabörn á aldrinum 6-12 ára.

Fimmtudagar kl. 17 - 17:50

Sönghópurinn Einar: Fyrir konur á aldrinum 16-30 ára.

Fimmtudagar kl. 18:15 - 20

Fríkirkjukórinn

Miðvikudagar kl. 19:30 - 21



Nánari upplýsingar á facebooksíðu kirkjunnar eða hafið samband á netfangið erna@frikirkja.is

Konukvöld

Fimmtudaginn
6. október

Opið til kl. 21

*Nú fögnum við
haustínu saman stelpur!*

20% afsláttur

Léttar veitingar

Heiðar Jónsson
mætir kl. 16-17
og kl. 19.30-21



Linnetsstíg 2, Hafnarfirði | Sími 555 4295 | Erum á Facebook

WORLD CLASS
TJARNARVELLIR

NOGI - BJJ - BOX - MMA - KICKBOX - FITNESS KICKBOX

World Class
MMA



**NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
BÖRN-UNGLINGAR-FULLORÐNIR**

FRÍR PRUFUTÍMI

NÁNAR Á WORLDCLASS.IS/MMA

Hef þrjónað síðan ég man eftir mér

Auður Björt Skúladóttir hefur gefið út þrjónabókina Sjöl og teppi..

Hún er Gaflari í húð og hár, fæddist í heimahúsi, hún Auður Björt Skúladóttir sem nýlega gaf út þrjónabókina Sjöl og teppi – eins báðum megin.

Auður Björt er textílkennari síðan í vor og vinnur í Hlíðaskóla.

ið verður til í höfðinu, ég sé þetta fyrir mér og ég get skapað.“

„Ég fékk þó ekki fyrsta þrjónasettið mitt fyrir en um tvítugt. KnitPro þrjónasettin voru toppurinn. Þá fer ég á flug að prófa að hanna en þá vann ég í Fjarðar-kaupum og var farin að aðstoða við sölu á garni. Við upphaf Rokku, vann ég þar seinni partinn en þar fann ég fyrst fyrir fordómum viðskiptavina gagnvart ungum konum.“ Segir hún að eldri konur hafi ekki treyst henni og segist hún líka hafa upplifað þetta síðar þegar hún vann í Handþrjóni. „Maður grét ekki, en það þótti greinilega svo skýrtíð að ung stelpa gæti sagt til um þrjón.“

ÞRJÓNAR EKKI TIL AÐ SELJA

Hún segir þrjónatískuna hafa komið í bylgjum. Um 1990 voru flíspeysurnar að koma inn en ÍSTEX var stofnað 1991 en það var ekki fyrir en í hruninu sem lopinn varð vinsæll. „Ég var að vinna í Fjarðar-kaupum þá og lopinn seldist gríðarlega vel.“ Hún segir að íslenska lopapeysan hafi orðið vinsæl þegar myndir fóru að flæða um internetið og að íslenski lopinn hafi skorað hátt í gæðaflokki ullar bæði hjá þrjónurum og seljendum.

„Ég þrjóna ekki til að selja. Ég vil eyða tíma í að þrjóna og gefa mínum nánustu. Þetta skapar núvitund og það er róandi að sitja og þrjóna,“ segir Auður Björt.

Hún sýnir blaðamanni sjal sem hún er að þrjóna úr hárfinu garni með 0,8 þrjón og það lítur eins og finasta heklíð sem amma var að hekla.

Hún segir þetta ótrúlega gaman. Hún ætla að þrjóna öll sjölin í bókinni úr þessu hárfina garni sem verður reyndar mikil vinna. En auðvitað verða sjölin miklu minni.

VEFSÍÐA MEÐ HJÁLP

Auður Björt opnaði síðuna audurbjort.is þar sem finna má myndir og skýringarmyndbönd með öllum uppskriftunum í bókinni. Gerði hún myndböndin sjálf þar sem henni þótti einfaldara að gera þau heldur en að skrifa leiðbeiningar.

Í bókinni leggur hún áherslu á að stykkið sé eins báðum megin, engin ranga, bara rétta – sem gerir það miklu notadrygra og fallegra.



Auður Björt í vinnuherbergi sínu með eitt sjalanna úr bókinni.

FRAMTÍÐIN


Auður Björt segist núna vera byrjuð á peysum sem hún þrjónar frá hlið, langar að fara aðrar leiðir og það sé aldrei að vita nema hún haldi námskeið ef áhugi er fyrir hendi.

Annars er hún að læra til golfkennara og upplýsir að hún hafi keppt í golfi á yngri árum. „Ég spila golf á daginn og þrjóna á kvöldin,“ segir hún og brosir. Hún segir að henni hafi komið á óvart

hvað vel gengur, hún sé á betri stað í golfinu en áður. Aðspurð segist hún ekki hafa þrjónað utan um golfkylfurnar en hafi hins vegar verið gefnar þrjónaðar hlífar. Sjálf hafi hún svo þrjónað golfpeysu.

Hún hefur kynnt bókina víða um höfuðborgarsvæðið og hana má fá í helstu bóka- og þrjónaverslunum.

Sjá nánar á fjardarfrettir.is



Bókin er með á þriðja tug þrjónauppskrifta að sjölum og barnateppum. Uppskriftir við allra hæfi, allt frá einföldum og stuttum fyrir byrjendur upp í flóknari fyrir vana þrjónara. Leitað er víða fanga við hönnunina, meðal annars í íslenskt handverk og til Hjalftlandseyja.

„Ég hef þrjónað síðan ég man eftir mér og það er til mynd af mér þegar ég er að þrjóna 5 ára,“ segir Auður Björt þegar blaðamaður Fjarðarfretta heimsótti hana. „Ég var mikið að þrjóna þegar ég var í grunnskóla. Var laumupþrjónari og ekki mikið að flagga því og þrjónaði mest heima. Fyrsta kaðlaprjónið var á þessum tíma og ekki bara einn kaðall,“ segir Auður Björt og brosir.

„Mamma þrjónaði mikið og handavinnna lá vel fyrir mér og ég vildi gera allt sjálf. Að lykka saman vefst fyrir mögum. Ég var einu sinni að biða eftir að mamma sýndi mér það, hún var að elda. Ég horfði á lykkujum og náði að lykka sjálf saman.“ Segir hún að þrjónaskapurinn liggi vel fyrir henni og hún eigi auðvelt með að sjá hann fyrir sér. Í þá daga var ekki hægt að kíkja á YouTube. Á þessu augnabliki fannst henni hún fatta þrjónið en hún segist vera lesblind og meira skrifblind. „En mynstr-

UPPSKERUHÁTÍÐ



25
RATTLEIKS
HAFNARFJARÐAR

Rattleiks

Hafnarfjarðar

á fimmtudaginn,
8. október kl. 18.15
í Hafnarborg (apóteki)

<https://rattleikur.fjardarfrettir.is> Rattleikur



Efling hafnfirsks tónlistarlífs

Sjóður Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Hlutverk sjóðsins er að efla tónlistarlíf í Hafnarfirði, þá einkum til eflingar sönglífs, og styrkja hafnfirskra nemendur til framhaldsnáms í tónlist og fræðimenn í tónlist.

Umsóknarfrestur er til **1. nóvember 2022**

Nánar á hafnarfjordur.is



GRILL SPORTBAR

BOLTINN Í BEINNI

PÍLA

FLOTTUR MATUR

BARNAMATSEÐILL

OPIÐ

Virka daga 17.00 – 22.30

Helgar 11.00 – 22.30

HAPPY HOUR ALLA DAGA 17.00 – 19.00



Tjarnarvellir 3, 221 Hafnarfirði (Hótel Vellir) sími 578 3056

Opið virka daga 17.00 -22.30-Laugardaga 11.00-22.30-Sunnudaga 12.00-22.30

KONUKVÖLD

DAGSKRÁ

- 18:00 OPNAÐ FYRIR GJAFAPOKUM
- 18:00 DJ HAFFI HAFF
- 18:15 KYNNING Á FRAMKVÆMDUM FJARÐAR
- 18:30 DANSSKÓLI TÖNJU
- 19:00 BIKARMEISTARI KEILIS KRÝNDUR
- 19:15 BJÖSSI THÓR OG UNNUR BIRNA
- 19:45 EVA & SYLVÍA FRÁ NORMINU
- 20:00 ZUMBA MEÐ ODDRÚNU
- 20:15 SVALA BJÖRGVINS
- 20:30 SVALA BJÖRGVINS OG HAFFI HAFF
- 20:45 DREGIÐ ÚR HAPPDRAETTI

BYLGJAN Í BEINNI
VÖRUKYNNINGAR
TILBOÐ Í VERSLUNUM
LÉTTAR VEITINGAR
SÖNG- & DANSATRIÐI
GJAFALEIKUR & HAPPDRAETTI!

FYLGSTU MEÐ @FJORDUR Á FACEBOOK & INSTAGRAM

FJÖRÐUR